

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 04.10.2019

Fundur 7-2019

Fundur haldinn í sveitastjórn Skagabyggðar föstudaginn 4. október 2019 í Skagabúð kl. 13:00.

Mætt voru: Bjarney Ragnhildur Jónsdóttir, Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Karen Helga R. Steinsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson og Magnús Björnsson.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Rafræn innheimta hjá Skagabyggð

2. Heimasíða Skagabyggðar

3. Erindi frá skipulags- og byggingarnefnd

4. Persónuverndarmál

5. Bréf

a) Stjórn Norðurár bs. dags. 17. september 2019

b) Persónuvernd dags. 26. ágúst 2019

c) Farskólinn dags. 6. september 2019

d) Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið dags. 3. september 2019

e) Vegagerðin dags. 13. september 2019

f) Tré lífsins dags. 20. september 2019

g) Guðjón Bragason, dags. 26. ágúst 2019

h) Ólafur Jónsson, dags. 16. september 2019

6. Fundargerðir

a) Þjónusturáð fatlaðra frá 10. september 2019

-bókanir frá Húnavatnshreppi, Blönduósi, sveitarfélaginu Skagaströnd og sveitarfélaginu Skagafirði

-kosning í starfshóp vegna yfirfærslu verkefna og þjónustu

b) Norðurá bs. dags. 11. september 2019

c) Fulltrúaráð Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands dags. 20. september 2019

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 04.10.2019
Fundur 7-2019

7. Önnur mál

Afgreiðsla:

1. Rafræn innheimta hjá Skagabyggð

Fyrir fundinum lágu drög að samningi við Motus um innheimtu á vanskilakröfum Skagabyggðar. Samningurinn við Motus er til þriggja ára. Að því liðnu framlengist hann sjálfkrafa um eitt ár í senn, sé honum ekki sagt upp. Samþykkt að ganga til samninga við Motus og jafnframt Landsbankann um kröfustofnanir og oddvita falið að ganga frá þeim.

2. Heimasíða Skagabyggðar

Fyrirliggjandi eru samningsdrög við Stefnu um uppsetningu á heimasíðu fyrir sveitarfélagið. Samningurinn er til tveggja ára en eftir það er hann ótímabundinn með þriggja mánaða uppsagnafresti. Tilboðið gildir út árið. Ákveðið að fresta afgreiðslu um sinn. Ákveðið að endurskoða samning við núverandi þjónustuaðila í bili.

3. Erindi frá skipulags- og byggingarnefnd

Skipulags- og byggingarnefnd yfirfór eftirfarandi erindi á fundi sínum 3. október s.l.:

- Kálfshamarsvík

Samningur frá Trésmiðju Kára Lárussonar kynntur og ræddur. Byggingarnefnd gerir ekki efnislegar athugasemdir við samninginn.

- Erindi frá Magnúsi Guðmannssyni fyrir hönd veiðifélags Hallár

Vegna stofnunar lóðar um veiðihús við Hallá í landi Kjalarlands. Lóðin yrði alls 1.560m². Erindi samþykkt.

Sveitarstjórn samþykkir erindið.

- Erindi frá Magnúsi Guðmannssyni

Óskað er eftir framlengingu á byggingarleyfi sem gefið var út 12.12.2018. Erindi samþykkt.

Sveitarstjórn samþykkir erindið.

- Erindi frá Rafni Sigurbjörnssyni

Óskað eftir stækkun lóðar undir íbúðarhús á Örlýgsstöðum 1. Eigandi verður Erla Ólafsdóttir. Lóðin mun verða 1.300m². Erindi samþykkt.

Sveitarstjórn samþykkir erindið.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 04.10.2019

Fundur 7-2019

- Erindi frá Kára Lárussyni

Óskað eftir staðfestingu sveitarstjórnar á landamerkjum Mánavíkur (landnr. 145863). Sveitarstjórn samþykkir landamerkin.

Óskað eftir að skipta jörðinni upp í þrjá hluta: Gegnispart, Mánavíkurpart og Mánavíkursel. Skipting jarðarinnar samþykkt.

Sveitarstjórn samþykkir erindið

-Erindi frá Vegagerðinni

Óskað eftir að sett verði inn á aðalskipulag náma við Kollugerðistjörn og náma við Höskuldsstaði. Er það í tengslum við framkvæmdir við Þverárfjallsveg. Byggingarnefnd samþykkti erindið og sveitarstjórn gerir það einnig.

Oddvita falið að láta teikna þær inn á aðalskipulag og auglýsa breytinguna.

4. Persónuverndarmál

Fyrir fundinum lágu drög að samningi við Dattaca labs ehf. Fyrirtækið mun aðstoða sveitarfélagið við að innleiða lög um persónuvernd og persónuupplýsingar.

Samningurinn lagður fram til kynningar en ekki samþykktar.

Oddvita falið að hafa samband við Dattaca labs og afla nánari upplýsinga.

5. Bréf

-Stjórn Norðurár bs. dags. 17. september 2019

Í bréfinu er svarað fyrirspurnum sveitarfélagsins sem sendar voru bréfleiðis í ágústlok. Sveitastjórn þakkar fyrir greinagóð svör.

-Persónuvernd dags. 26. ágúst 2019

Bréfið lagt fram til kynningar.

-Farskólinn dags. 6. september 2019

Farskólinn óskar eftir óbreyttum vildargjöldum fyrir 2020, eða 19.000 kr. Erindi samþykkt.

-Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið dags. 3. september 2019

Bréfið lagt fram til kynningar og oddvita falið að svara því.

-Vegagerðin dags. 13. september 2019

Bréf er varðar fyrirhugaða niðurfellingur Þverárvegar nr. 7403 af vegaskrá. Oddvita falið að afla upplýsinga hjá landeiganda.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 04.10.2019

Fundur 7-2019

-Tré lífsins dags. 20. september 2019

Bréfið lagt fram til kynningar og oddvita falið að svara. Sveitafélagið telur ekki grundvöll fyrir því að stofna minningargarð að svo stöddu.

-Guðjón Bragason, dags. 26. ágúst 2019

Bréfið lagt fram til kynningar.

-Ólafur Jónsson, dags. 16. september 2019

Bréfið lagt fram til kynningar.

6. Fundargerðir

-Þjónusturáð fatlaðra frá 10. september 2019

Fundargerð lögð fram til kynningar

- *Sveitastjórn samþykkir samhljóða að Dagný Rósa Úlfarsdóttir verði í starfshóp vegna yfirfærslu verkefna og þjónustu. Jafnframt tilnefnir sveitarfélagið Ásdísi Ýr Arnardóttur félagsmálastjóra í starfshópinn.*

-bókanir frá Húnavatnshreppi, Blönduósi, sveitarfélaginu Skagaströnd og sveitarfélaginu Skagafirði.

Lagðar fram til kynningar og sveitastjórn tekur undir sjónarmið sem fram hafa komið í bókunum frá sveitarfélögum í Austur-Húnavatnssýslu.

-Norðurá bs. dags. 11. september 2019

Fundargerð lögð fram til kynningar.

-Fulltrúaráð Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands dags. 20. september 2019

Fundargerð lögð fram til kynningar.

-Stjórn sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. ágúst og 27. september 2019.

Lagðar fram til kynningar.

7. Önnur mál

Umræður um styrkvegi og framkvæmdir sem framundan eru.

Spurst fyrir um stöðu í sameiningaviðræðum sveitafélaga í A-Hún.

Umræður um vetrarveiði á ref en engar ákvarðanir teknar.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 04.10.2019

Fundur 7-2019

Fleira er ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16:10.

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Magnús Björnsson

Karen Helga R Steinsdóttir

Bjarney R. Jónsdóttir

Kristján Steinar Kristjánsson